



Reglur Landsbankans um bankaviðskipti starfsmanna

Nr. 201609-1275-1 | Útgefið í apríl 2017 | Endurskoðun 2019 | Bankaráð | Eigandi Lögfræðideild

1 Gildissvið og markmið

Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Reglurnar gilda um (a) viðskipti Landsbankans og starfsmanna Landsbankans og (b) viðskipti Landsbankans og aðila sem eru í nánnum tengslum við starfsmenn Landsbankans.

Ákvæði reglna þessara ná til viðskipta Landsbankans við alla starfsmenn bankans.¹

Með starfsmanni samkvæmt þessum reglum er átt við einstakling sem starfar hjá Landsbankanum á grundvelli ráðningarsamnings við bankann.

Með nánnum tengslum samkvæmt þessum reglum er átt við nán tengsl milli starfsmanns og aðila, eins og þau tengsl eru skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt þeirri skilgreiningu teljast nán tengsl vera til staðar þegar einstaklingar og/eða félög tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti: (a) með hlutdeild í formi beins eignarréttar eða yfirráðum sem nemur 20% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðavægi félags, (b) með yfirráðum eða (c) með varanlegum tengslum þeirra við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl.

Markmið reglna þessara er að auka gagnsæi og draga úr áhættu vegna hagsmunaárekstra og misferlis.

2 Viðskipti Landsbankans og starfsmanna

Viðskipti Landsbankans og starfsmanna hans, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

Með reglum samkvæmt þessari grein er átt við starfsreglur, útlánareglur, áhættureglur og aðrar innri reglur sem Landsbankinn hefur sett og gilda um viðskipti við almenna viðskiptamenn. Vaxtatafla og verðskrá teljast ekki til reglna samkvæmt þessari grein.

Landsbankinn getur gert kröfu um að tiltekin bankaviðskipti starfsmanns skuli vera hjá Landsbankanum. Þetta á við um launareikning starfsmanns og vörslu verðbréfa starfsmanns, maka og ófjárráða barna.

Heimilt er að bjóða starfsmönnum og mökum þeirra sérkjör í viðskiptum við bankann sem geta verið jafnhagstæð bestu kjörum sem viðskiptavinum bjóðast. Slík sérkjör skulu bjóðast öllum starfsmönnum. Með sérkjörum er einkum átt við afslátt frá tilteknum liðum í verðskrá eða önnur vaxtakjör á tilteknum tegundum bankareikninga eða tilteknum útlánnum. Bankastjóri tekur ákvörðun um sérkjör til starfsmanna að fenginni tillögu frá starfsmannabanka og skulu þau kynnt starfsmönnum á innra neti bankans.

3 Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldeyri

Landsbankinn hefur sett reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldeyri. Reglurnar

¹ Um viðskipti Landsbankans við bankastjóra og lykilstarfsmenn gilda jafnframt ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, reglur sem Landsbankinn setur skv. því ákvæði og reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

gilda einnig um maka, sambúðarmaka, maka í staðfestri samvist og ófjárráða börn á heimili starfsmanna. Regluvarsla hefur eftirlit með því að viðskipti starfsmanna séu í samræmi við reglurnar.

4 Afgreiðsla viðskipta sem tengjast starfsmanni

Starfsmaður skal ekki koma fram fyrir hönd bankans í viðskiptum er tengjast viðkomandi persónulega, fjölskyldumeðlimum eða öðrum aðilum eða samtökum sem viðkomandi starfsmaður eða fjölskylda hans á veruleg persónuleg eða fjárhagsleg tengsl við. Slík mál skulu látin í hendur annars og ótengds starfsmanns. Starfsmaður skal á engan hátt taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti hans sjálfs eða fyrirtækja og einstaklinga sem hann er persónulega eða fjárhagslega tengdur.

5 Gildistaka og birting

Reglur þessar eru settar af bankaráði og taka gildi við samþykkt þeirra.

Reglurnar skal skal birta opinberlega á vefsíðu bankans.